

Fimmtudaginn 21. maí 1992.

Nr. 217/1992. **Valgerður Einarsdóttir**
gegn

Búnaðarbanka Íslands,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
Landsbanka Íslands,
Ólafi Axelssyni hæstaréttarlögmanni,
sýslumanninum í Rangárvallasýslu og
veðdeild Landsbanka Íslands.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. apríl sl., er barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 14. maí sl. Kærður er úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 31. mars sl. Sóknaraðili krefst þess, að mótmæli sín og kröfur fyrir uppboðsrétti nefndan dag nái fram að ganga.

Af hálfu stefndu eru ekki gerðar kröfur í kærumálinu.

Hinn 29. október 1991 var kveðinn upp í uppboðsrétti Reykjavíkur úrskurður í uppboðsmáli vegna kröfu um nauðungaruppboð á eignarhluta hjónanna Lúðvíks Gizurarsonar og Valgerðar Einarsdóttur í fasteigninni Grenimel 20 í Reykjavík. Tilefni úrskurðarins var krafa uppboðspola um frávísun málsins. Málið hafði þá verið til meðferðar í uppboðsréttinum frá 15. maí 1986. Úrskurðum uppboðsréttar í málinu hefur tvívegis áður verið skotið til Hæstaréttar, sbr. hrd. 15. júní 1989 og 19. apríl 1991. Framangreindur úrskurður er með ýtarlegum forsendum. Úrskurðarorð er svohljóðandi:

„Kröfu sóknaraðila Lúðvíks Gizurarsonar og Valgerðar Einarsdóttur, um að synjað verði um framhald nauðungarsölu á eigninni Grenimel 20, neðri hæð auk herbergis í kjallara, er hafnað.“

Þegar málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 23. október 1991, var bókað, að úrskurður í málinu yrði

kveðinn upp kl. 13,30 hinn 29. sama mánaðar. Af hálfu uppboðspola flutti málið Lúðvík Gizurarson hæstaréttarlögmaður.

Með bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 17. janúar 1992 sóttu Lúðvík Gizurarson og Valgerður Einarsdóttir um leyfi ráðuneytisins til að áfrýja nefndum úrskurði til Hæstaréttar. Með bréfi ráðuneytisins 24. sama mánaðar var beiðni hjónanna um áfrýjunarleyfi synjað. Sú synjun var ítrekuð með bréfi 26. febrúar sl. með þeim rökum, að ráðuneytið skorti lagaheimild, eins og hér stæði á, til að veita leyfi til áfrýjunar málsins, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Hinn 31. mars sl. var málið tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur eftir auglýsingu í dagblaði. Átti þá að fara fram sala á eigninni. Í þinghaldi þessu var mættur af hálfu uppboðspola Haukur Bjarnason héraðsdómslögmaður og einnig sóknaraðili. Lagt var fram bréf sóknaraðila, dagsett sama dag, þar sem því var mótmælt, að sala færi fram, og krafist úrskurðar um það. Í bréfi þessu segir m.a.:

„Hinn 29. október 1991 var kveðinn upp úrskurður í þessu uppboðsmáli í uppboðsrétti Reykjavíkur. Mér var ekki kunnugt um úrskurð þennan né fékk ég endurrit hans fyrr en 20. desember 1991. Þá var venjulegur áfrýjunarfrestur liðinn og var þá sótt um áfrýjunarleyfi. Um það var synjað ...Ég get ekki sætt mig við það, að réttur minn til áfrýjunar á úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur dags. 29. október 1991 sé tekinn af mér með þessum hætti. ...Þetta er því krafa um það, að meðferð málsins sé ómerkt frá mánudeginum 28. október 1991, ...“

Af hálfu uppboðspola var krafist úrskurðar um framangreind mótmæli og frests til framlagningar greinargerðar. Var þegar kveðinn upp úrskurður, og er úrskurðarorð svohljóðandi:

„Uppboðssala á fasteigninni Grenimelur 20 neðri hæð fer fram nú þegar.“

Að uppkveðnum úrskurðinum var gerð sölutilraun. Eitt boð var gert í eignina, að fjárhæð 200.000 krónur. Af hálfu uppboðspola var þess nú krafist, að fram færi annað og síðara uppboð á eigninni. Var ákveðið, að það færi fram 22. þ.m. að undangenginni auglýsingu.

Fyrrnefndur úrskurður frá 29. október 1991 sætti áfrýjun, sbr. a-lið 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjunarfrestur er

fjórar vikur frá lokum dómsathafnar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, en dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á. Áfrýjunarleyfi var ekki veitt, svo sem áður er rakið. Úr þessu verður ekki bætt með kæru á úrskurði uppboðsréttar 31. mars sl.

Samkvæmt því ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti. Kærumálskostnaður kemur ekki til álita.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.